# Fw: Re: Ósk um umsögn - breyting á deiliskipulagi í Dalabyggð

Mig langar aðeins að bæta við umsögnina sem jarðfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands.

Úr gilinu úr Lambadalshyrnu þar sem Lambadalsá rennur niður í Ólafsdalinn er afskaplega stór og falleg skriðukeila. Á nýju deiliskipulagi er ráðgert er að rækta skóg (utan girðinga) á þessu svæði. Vegna stærðar og formfegurðar keilunnar mælist ég til að skriðukeilan fái þróast á sinn hátt og verði undanskilin sem skógræktarreitur. Þar að auki gæti reynst erfitt að rækta í henni vegna sífelldra breytinga á skriðuefni og vatnsgangi úr gilinu.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
..............................................................................................................
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8,  220 Garðabær.
Sími/Tel:  (354) 5 900 500.          www.ni.is

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS